**Nd.** **528. Þingsályktun**

um rýmkun landhelginnar.

(Afgreidd frá Nd. 2. maí).

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á stjórnina að gera hinar ýtrustu tilraunir til þess að fá samningum um landhelgislínuna breytt þannig, að hún verði færð út og landhelgissvæðið nái yfir alla firði og flóa og helstu bátamið.